

Námskrár

Hjá hæfnigreininga- og námskrárteymi FA urðu mannabreytingar í upphafi árs. Gunnhildur Sveinsdóttir hætti störfum og í hennar stað kom Valgerður Þ. E. Guðjónsdóttir.

Áhersla þessa árs verður áfram á þróun og endurskoðun námskráa og að sem flestar af þeim námskrám sem verið er að endurskoða verði tilbúnar fyrir næsta haust.

Nú erum við að endurskoða námskrárnar Færni í ferðapjónustu I og II. Við þá vinnu hefur verið horft til þeirra hæfnigreininga sem gerðar hafa verið á störfum í ferðapjónustu og starfaprófilarnir notaðir sem grunnur að námskrám. Gert er ráð fyrir að til verði þrenns konar námskrár, sem heita Ferðapjónusta I, Ferðapjónusta II og síðan að til verði nokkrar útgáfur af Ferðapjónusta III sem eru þá sérhæfing sem tengjast tilteknum störfum. Námskrárnar Færni í ferðapjónustu I og II verða notaðar sem útgangspunktur í námslýsingar sem gerðar verða með námskránum. Þannig mun uppbygging námsins áfram vera með sambærilegu hætti og verið hefur og fræðsluaðilar geta hagað framkvæmd námsins með sama sniði og áður ef það hentar.

Endurskoðun á námskrám í bóklegum greinum stendur einnig yfir, það er endurskoðun á námskránum Grunnmenntaskólinn og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Einnig er horft til þess hvort endurskoða þurfi Menntastoðir með tilliti til breytinga sem verða á hinum námskránum. Í þessari endurskoðun er bæði verið að horfa til innihalds og uppbyggingar á náminu. Við viljum gjarnan kynna fyrir ykkur þessa vinnu og eiga samtál um mögulegar útfærslur. Nánari upplýsingar um það verða sendar til ykkar á næstunni.

Einnig er að fara af stað vinna í tengslum við námskrána Sterkari starfsmaður. Framvegis og Starfsmennt hafa unnið greinargóð drög að námslýsingu sem við munum vinna áfram og setja upp námskrá og setja í námskrárgrunninn.

Jafnframt erum við að fara af stað með endurskoðun á námskránni Meðferð matvæla og við munum í þeirri vinnu horfa til tveggja starfaprófíla sem hafa verið unnir á þessu sviði, þ.e. Starf í matvælaíðnaði og Sérþjálfaður starfsmaður í matvælaíðnaði.

Vinna við endurskoðun á námslýsingum fyrir námskrána Smiðja er komin af stað en hefur verið frestað þar til endurskoðun á öðrum námskrám lýkur.

Eins og fram kom í Snepli nr 18 var ráðgert að bjóða upp á fyrsta samtalsfundinn með verkefnastjórum námsleiða um tiltekin málefni í byrjun þessa árs. Vegna aðstæðna í tengslum við Covid-19 hefur því verið frestað.

Hæfnigreiningar

Gert var ráð fyrir að halda endurmenntunarnámskeið fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga á fyrri hluta þessa árs en vegna aðstæðna í tengslum við Covid-19 var ákveðið að fella það niður.

Námskeið fyrir nýja umsjónarmenn hæfnigreininga er fyrirhugað í september ef næg þátttaka fæst. Áhugasamir mega gjarnan láta vita af áhuga sínum með því að svara [hér](#). Skráning er ekki bindandi og í ljósi aðstæðna þurfum við að meta hvort raunhæft sé að halda námskeiðið í september.

Kennslufræðimiðstöð

Áfram er unnið að verkefni FA og HÍ sem miðar að því að skilgreina hæfnikröfur leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu, lýsa leiðum til hæfniuppbyggingar og skilgreina raunfærnimatsferli fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu.

Að lokum minnum við á upplýsingar um gagnleg öpp og forrit í kennslu og námi sem finna má á vef FA <https://frae.is/kennslufrædi/gagnleg-opp/>